

Ed.

699. Nefndarálit

[281. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ekki alls fyrir löngu lét einn af þekktustu fyrrverandi foringjum Alþýðuflokksins, Jónas Guðmundsson, svo um mælt í blaðagrein, að „það væri guðlast að tala um velferðarríki á Íslandi“, því að hér ríkti ekki einu sinni velferðarþjóðfélag, hvað þá framfærsluþjóðfélag, og átti þá að sjálfsgöðu við, hversu tryggingalöggjöfinni væri áfátt og hún vanhæf að gegna því hlutverki að tryggja hinum verst settu í þjóðfélaginu sæmandi og viðunanleg lágmarkslífskjör.

Varla eru þeir margir, sem einhverja grein hafa reynt að gera sér fyrir því, við hvaða kjör öryrkjar og ellihrumir, sem litla eða enga stöð eiga í eignum eða hjálp nákominna ættingja, eiga nú að búa, sem ekki eru sammála hinum aldna og mikilvirta flokksforingja og ekki geta tekið undir djarfmannlega ádrepu hans. Það er því sízt að ófyrirsynju, að endurskoðunar hefur þótt þörf á tryggingalöggjöfinni með brýnar úrbætur fyrir augum, og er það eitt út af fyrir sig virðingarvert, að tilraun hefur verið til þess gerð.

Árangur þessarar viðleitni liggur nú fyrir í forni þess frumvarps til laga um almannatryggingar, sem hér er um fjallað, og skal það strax sagt, að að dómi undirritaðra er árangurinn hvergi nærri sá, sem vænta hefði mátt og nauðsyn hefði krafist. Frumvarpið felur að visu í sér fyrirheit um nokkrar breytingar til bóta á einstökum atriðum löggjafarinnar, sem að sjálfsgöðu ber að meta, en hér er ekki um að ræða neinar þær grundvallarbreytingar, sem mesta nauðsyn bar til að gerðar væru að vel athuguðu máli. Í heild er hér því aðeins um það að ræða, að smábætur eru saumaðar á slitið fat, sem þegar er gengið sér til húðar. Í þessu sambandi skal eftirfarandi sérstaklega undirstrikað:

Fyrirheit er gefið um, að á næsta ári skuli örorku- og ellilífeyrir hækka um 20%, og verða þessar bætur þá kr. 5 880.00 á mánuði fyrir einstakling. Frá ársbyrjun næsta árs skal bótaupphæð síðan fylgja hlutfallslega eftir almennu verkkaupi í fiskvinnu.

Hækkunin, sem hér er gefið fyrirheit um, er innan við 1 þús. kr. á mánuði og er því sýnilega ekki í neinu samræmi við þarfir bótaþega og í algeru ósamræmi við dýrtíðaraukningu og ekki síður þær gífurlegu kauphækkunir, sem að undanfögnu hafa orðið fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar hjá hálaunastéttum þjóðfélagsins.

Lakara er þó, að hér er aðeins um fyrirheit að ræða, en enga tryggingu fyrir því, að kaupmáttur bótaþanna verði meiri eftir en áður, þar sem engin lagaskylda er fyrir hendi um hækkunir á þessu ári til samræmis verðhækkunum né heldur fyrirsjáanlegum hækkunum launa á þessu ári.

Gert er ráð fyrir því, að uppbót komi á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. frv., ef lífeyrir ásamt öðrum tekjum nær ekki kr. 84 000.00 fyrir einstakling og kr. 151 000.00 fyrir hjón. Þá kemur uppbót, sem nemur því, er á vantar. Hér er skammt gengið, þar sem mikið vantar á, að nefndar upphæðir dugi til þess að borga allan dvalarkostnað á dvalarheimili fyrir aldraða eða öryrkja, en það verður að teljast réttlát krafa fyrir þetta fólk, svo að það þurfi ekki að sækja til annarra aðila það, sem á vantar.

Fleira mætti nefna, þar sem of skammt er gengið í bótarétti í frv. þessu. Einstæðar mæður fá mæðralaun, þegar þær eru bundnar yfir börnum sínum og geta lítið unnið sér inn. Mæðralaunin eru lág, en það þarf bæði að hækka þau, einkum með fyrsta barni, og láta sams konar laun ná til einstæðra feðra, sem oft eru illa settir, er þeir standa uppi með móðurlaus börn. Móðurhlutverkið í starfi konunnar er mikilvægt, og því ber að meta það réttilega og borga einstæðum feðrum til jafns við einstæðar mæður.

Í frv. er gert ráð fyrir því að leggja niður sjúkrasamlög hreppanna og láta núverandi héraðssamlög taka að sér að öllu leyti það starf, sem áður var í höndum sjúkrasamlaga hreppanna. Í sumum tilfellum kann þetta að verða til bóta, þar sem staðhættir eru slíkir, en í mörgum tilfellum verður þetta spor aftur á bak frá því, sem er. Ef til vill væru læknishéruðin heppilegri eining. En þetta þarfnast nánari athugunar.

Það sætir furðu, að breytingar þær, sem gerðar eru á tryggingalöggjöfinni, skuli ekki eiga að öðlast gildi fyrr en að 9 mánuðum liðnum og vel það. Okkur finnst þeir, sem að þessu máli standa, þar með undirstrika, að þeir telji litla bót í breytingum þessum og því ekki aðkallandi, að þær öðlist gildi strax.

Af framansögðu má það ljóst vera, af hverju við í minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar getum ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar í því að mæla með frv. óbreyttu. Við flytjum á sérstöku þingskjali margar breytingartillögur, en munum, þótt þær nái ekki fram að ganga, fylgja frv., þar sem það felur í sér vissar réttarbætur, þó að þær gangi of skammt að okkar dómi.

Alþingi, 27. marz 1971.

Ásgeir Bjarnason,
frsm.

Björn Jónsson.

Björn Fr. Björnsson.